

Nú er verið að gera framhald Ævintýrasteinsins í Nílardalnum, með þessum ágætu leikurum, Michael Douglas og Kathleen Turner. Vonandi gefst okkur færi á að sjá hana fyrr á tjaldinu en skjánum.

Rómantík á refilstigum

Kvikmyndir

Sæbjörn Valdimarsson

Nýja bíó: Ævintýrasteinninn (Romancing the Stone) ★★★ Leikstjóri: Robert Zemeckis. Framleiðandi: Michael Douglas. Handrit: Diane Thomas. Tónlist: Alan Silvestri. Myndataka: Dean Cundey. Aðalhlutverk: Michael Douglas, Kathleen Turner, Danny DeVito, Zack Norman. Alfonso Arau, Manuel Ojeda. Bandarísk, frá 20th Century Fox. Frumsýnd 1984. 105 mín.

Joan Wilder er feikivinsæll rithöfundur í New York, sem skrifar rómantískar spennusögur um Angelínu og hetjuna Jesse, sem jafnan kemur henni til hjálpar þegar mest ríður á. En skyndilega snýst skáldskapurinn í blákaldan raunveruleikann. Systir Joan er stödd í Kólombíu þar sem hún er að grafa upp ástæðurnar fyrir morði manns hennar, þegar henni er rænt og hún krafin um fjársjóðskort sem átti að vera í eigu manns hennar, í lausnargjald. Um svipað leyti dettur dularfullt landakort inná gólf hjá Joan, mannræningjarnir hafa samband og skipa henni suður á bóginn með kortið, til bjargar systurinni.

Joan er ekki fyrr lent í Kólombíu en hún kynnist svaðamenninu Jack Colton, sem minnir hana ekki lítið á Jesse. Og fjársjóðsleitin, flótti undan yfirvöldum og glæponum og alls kyns ævintýri hefjast.

Ævintýrasteinninn er sannkölluð ævintýramynd, Hollywood-afþreying einsog hún gerist best. Söguþráðurinn er látlaus, hraður og fyndinn, tæpast dautt augnablik út alla myndina. Rithöfundurinn stendur í ströngu að upplifa þau ævintýri sem hún skapaði í huganum. Ævintýrasteinninn á einnig sínar mannlegu, rómantísku hliðar sem bjarga henni frá því að verða innantóm iðnaðarvara í anda **Indiana Jones.**

Leikstjórinn, Robert Zemeckis, er lítt kunnur, myndin örugglega ein af hans fyrstu, þó það sé engan veginn á henni að sjá. Honum tekst að magna flest atriði spennu, láta tímann fljúga áfram. Þau Michael Douglas þó ennfrekar Kathleen Turner gera sér góðan mat úr léttvægum hlutverkunum, reyndar er Turner orðin ein eftirsóttasta leikkonan vestan hafs eftir frammistöðu sína hér. Leikarar í minni hlutverkum, sem öll eru skúrka og skítmenna, láta talsvert að sér kveða, eru valdir af kostgæfni og standa sig með ágætum, einkum þó Danny DeVito.

Ævintýrasteinninn er ein af fáum skemmtimyndum sem veita öllum aldurshópum óblandna ánægju, þetta er alltsaman ómengað, bráðvelgert gaman. Í takt við tímann, þá er ***Ævintýrasteinninn*** langvinsælasta efnið á myndbandamarkaðinum um þessar mundir. Sýning hennar í kvikmyndahúsi, með Dolby og tilheyrandi, ætti því að verða mörgum gleðiefni, því hún er ein þeirra mynda sem hvað verst verða úti á skjánum í samanburði við tjaldið.

Klausturlíf á miðöldum

Erlendar bækur

Siglaugur Brynleifsson

Colin Platt: The Abbeys and Priories of Medieval England. Secker & Warburg 1984.

Höfundurinn er háskólakennari í miðaldasögu og hefur sett saman nokkrar bækur um miðaldasögu og fornleifarannsóknir.

Í þessari bók leitast Colin Platt við að draga upp mynd þessa horfna miðaldasamfélags í texta með fjölmörgum myndum. Samfélag þessara tíma var mótað af kirkjunni og styrkasta stoð kirkjuvaldsins voru klaustrin, öll menning miðalda var þaðan sprottin, listir og bókmenntir. Klaustrin höfðu forustu í búskap og garðrækt, lækningum og byggingarlist. Þetta voru miklar stofnanir, stórjarðeigendur, sem áttu mikinn hluta jarðeigna sumra héraða á Englandi. Þessi mikla eignasöfnun var grundvöllurinn að menningarstarfi kirkju og klaustra. Kirkjan var betur sett en aðrir jarðeigendur að því leyti að þar þurfti ekki að hafa áhyggjur vegna arfaskipta, eignirnar héldust óskertar í tímanna rás.

Merki horfinnar frægðar er einkum að finna í glæstum handritum, skartmunum og byggingum. Öll þessi verk og allar athafnir klaustrafólksins voru fyrst og fremst gerð Guði til dýrðar. Því var ekkert til sparað og tíminn var nógur, kirkjan hugsaði í öldum.

Colin Platt fjallar einkum um byggingarsöguna og þær breytingar sem urðu í byggingarlist allt frá dögum Engil-saxa og fram á 16. öld, einnig rekur hann hagsöguna, því allar framkvæmdir byggðust á framleiðslunni og þeim afrakstri sem af henni var að hafa til framkvæmda.

Með siðskiptunum og athöfnum þess „fremur illa gefna rudda, sem jafnframt var haldinn sárasótt og geðveilu“ Hinriks VIII voru þessar blómlegu menningarstofnanir rústaðar, íbúarnir flæmdir burt, byggingum breytt eða þær eyðilagðar, bókasöfn rifin niður og brennd og skartmunir bræddir upp í myntsláttu. Aðferðir siðaskiptabarbaranna á Englandi er ljót saga. Græðgin réð gerðum þeirra, flestir þeirra sem fóru stelandi og ruplandi um eignir kirkju og klaustra voru rustalýður haldinn djúpi vanmáttarkennd gagnvart menntum og listum, sem mjög oft braust út í hatri og vandalisma. „Pöpullinn hatar alla menningu,“ segir góður höfundur frá 18. öld og má bæta við — vill hana feiga. Þetta einkenni kom skýrt fram við aðför Hinriks VIII, að kirkjunni. Þótt hann næði ekki eins langt í morðum og manndrápum og afreksmenn í þeim greinum meðal einræðisherra á 20. öld, var hann nokkuð drjúgur í þeim starfa.

Bók Platts er vel unnin og byggð á traustum heimildum.

Listmálarafélagið

Myndlist

Valtýr Pétursson

Þetta er þriðja sýning hjá Listmálarafélaginu, sem nú stendur í vestursal Kjarvalsstaða. Félagið var stofnað fyrir fjórum árum og verður því ekki annað sagt en það hafi verið nokkuð iðið við kolann. Það eru 18 félagsmenn, sem sýna í þetta sinn, og af þeim eru þrír félagar er gengu í samtökin á þessu ári: Gunnlaugur St. Gíslason, Benedikt Gunnarsson og Pétur Már Pétursson. Alls eru á þessari sýningu 60 verk, flest olíumálverk, en einnig nokkrar vatnslitamyndir og akrýl.

Það er nokkuð hefðbundinn svipur á þessari sýningu og munu menn kannast við handbragð sumra. Ekki treysti ég mér til að kveða upp um hvort þessi sýning er betri eða lakari en hinar tvær sýningarnar, sem félagið hefur haldið, en auðvitað eru slíkar samsýningar mismunandi frá ári til árs. Hér eru menn yfirleitt fastmótaðir og vel sjóaðir í fræðunum, svo að lítið er um nýjabrumið. Ég held ég geti fullyrt að þessi sýning er vönduð og hefur akademískt yfirbragð, enda valinn maður í hverju plássi, ef svo mætti að orði kveða. Þátttaka er allt frá einu verki eftir höfund upp í átta. Þannig sýnir Gunnlaugur St. Gíslason fjórar vatnslitamyndir í naturalískum dúr. Einar Hákonarson á aðeins eitt verk, konumynd með formrænu ívafi, og hér lætur Elías Halldórsson að sér kveða. Jóhannes Jóhannesson á þarna nokkur úrvalsverk í olíu. Jóhannes Geir er sjálfum sér líkur og sýnir þrjú verk. Einar Þorlaksson kemur sterkur út úr þessari sýningu, og það gerir Guðmunda Andrésdóttir einnig, en hún er eina konan er á verk á þessari sýningu. Pétur Már Pétursson er nýliði, sem vekur verðskuldaða eftirtekt með akrýl-myndum sínum. Bragi Ásgeirsson á þarna heldur lítil verk en snotur. Kristján Davíðsson sýnir stórt málverk sem hann hefur ekki sýnt áður. Hafsteinn Austmann sýnir þrjú verk og stendur sig með prýði. Sigurður Sigurðsson er í góðu formi og það er nestor hópsins einnig, Svavar Guðnason. Steinþór Sigurðsson sýnir þrjú verk og er nokkuð síðan hann hefur sézt á veggjum Kjarvalsstaða.

Það má segja, að nokkur vandi sé á ferðum að fjölyrða um þessa sýningu hér í blaðinu. Báðir gagnrýnendur blaðsins eiga þarna verk og vart tilhlýðilegt að segja mikið. Því verða þessar línur látnar nægja að sinni, en fólk getur sjálft myndað sér skoðanir á sýningu Listmálarafélagsins, sem stendur yfir til 17. júní.

Veruleiki tottar skáld

Bókmenntir

Jóhann Hjálmarsson

Sigfús Bjartmarsson: HLÝJA SKUGGANNA. Mál og menning 1985.

Ljóð Sigfúsar Bjartmarssonar eru yfirleitt mælsk og frjálsleg, en þó á hann til að orða hugsanir sínar í fáeinum línum og ekki með slakari árangri.

Í ljóðum Sigfúsar er rabbtónn áberandi, þau eru dálítið eins og samræða, opin fyrir umhverfinu og geta rúmað æði margt. Góð dæmi um þessa aðferð höfundarins eru ljóðin eitt vald gegn öðru, sjálfstæð sýning í Queen's street, Schopenhauer hinn ungi mætir manni í garðinum og eftirmáli. Eitt vald gegn öðru hefst á þessu erindi:

1
á fornlegu málverki
sá ég mynd af guði
af íhyglinni í svipnum
og ótvírætt illgjörnum
og þó mæddum dráttum í munnvikunum
fór mig að gruna að einmitt þarna
væri hann að gera það upp við sig
hvar hann ætti að bera niður
hvert hann ætti núna
að senda plágurnar sjö

Í þessu ljóði eins og svo mörgum öðrum í Hlýju skugganna er viðleitni til að segja frá, yrkja frásagnarljóð. Sigfús Bjartmarsson hefur eftir ljóðunum að dæma nægilega lífsreynslu til að eiga erindi við lesendur. Hann er ekki beinlínis fyrir að boða, en ljóð hans vitna flest um ákveðna afstöðu.


Þessi afstaða getur komið fram í sígildri setningu eins og „maðurinn einn er höfundur dauðans“ og í tali um „innistæðulausa hamingju“. En stutt ljóð, hangið utan í lífi, segir líka töluvert um skáldið og þar með manninn:

ég fæ mér sígarettu
og tek ákvörðun
ég fæ mér sígarettu
og hætti við

svona totta ég veruleikann
og hann mig

Sé allt með felldu tottar veruleikinn náttúrlega skáldið.

Hlýja skugganna er ein þeirra ljóðabóka sem hljóta að eignast trúnað lesandans. Ljóðin eru innileg, opinská og oft hnittin. Grallaralegur húmor er þáttur þeirra. Kæruleysisleg tjáning leynir á sér og býr yfir dýpri merkingu og ákaflega mannlegu viðhorfi. Þetta væri auðvitað gagnslaust ef skáldinu tækist ekki að gera því listræn skil. Ljóðin eru að vísu misjöfn og margt má að þeim finna, en nokkur þeirra eru heilsteypt.



Sigfús Bjartmarsson

Stundum er skáldið með útlenskar slettur sem veikja fremur ljóðin en styrkja. Það fer ekki allt af vel á því að nota orð eins og prívat, spírall, banalt, fúndament atvinnulóner, svo að dæmi séu nefnd. Það er hægt að finna mun betri íslensk orð í staðinn.

Hlýja skugganna er að mínu viti meðal þeirra ljóðabóka sem benda til aukinna landvinninga ungra skálda.

Blær ljóðanna er í senn ilmandi og þrunginn rotnun svo að minnt sé á eftirmála, lokaljóð, bókarinnar.